

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-93/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 27. nóvember 2015 bað X. hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 16. desember 2015, gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 28. desember. Með bréfi, dags. 8. janúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 27. janúar. Með bréfi, dags. 3. febrúar, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum 15. febrúar. Með bréfi, dags. 25. febrúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera frekari athugasemdir og bárust þær hinn 8. mars. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 19. september, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að 19. maí 2015 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 1.450.000. Var bifreiðin af gerðinni Mercedes Benz C árgerð 2006, fyrst skráð 27. febrúar 2006. Við kaupin hafði bifreiðinni verið ekið 158.000 km. Segir álitsbeiðandi að við kaupin hafi engar upplýsingar legið fyrir um tímareimaskipti en álitsbeiðandi hafði fengið þær upplýsingar á öðrum stað að skipta þyrfti um tímakedju í bifreiðum af þessari gerð á 100.000 km fresti. Segist álitsbeiðandi því hafa haft áhyggjur af þessu og vakið máls á því við starfsmann seljanda. Starfsmaðurinn hafi sagt álitsbeiðanda að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af tímakedjuskriptum í bifreiðum þessarar gerðar, svo fremi sem þær hefðu verið vel þjónustaðar hvað varðaði smurolúskipti, en svo var háttað með bifreiðina. Keypti álitsbeiðandi bifreiðina og fór síðan með hana á verkstæði til að láta lagfæra nokkur smáatriði sem komið höfðu fram við ástandsskoðun. Í leiðinni spurði álitsbeiðandi starfsmann verkstæðisins út í tímakedju bifreiðarinnar og var strax tjáð að skipta þyrfti um hana á 100.000 km fresti. Þá var álitsbeiðanda og sagt að ef keðjan færi, þá yrði kostnaður af viðgerð ekki minni en kr. 800.000. Fór álitsbeiðandi síðan á annað verkstæði, einnig í þeim tilgangi að láta lagfæra atíði sem komu fram við söluskoðun og spurði einnig á því verkstæði hvernig ætti að sýsla með tímareimaskipti á bifreiðinni. Var honum aftur tjáð að það ætti að gerast á 100.000 km fresti. Bað álitsbeiðandi þá það verkstæði að kanna hvort skipta þyrfti um tímakedju. Við athugun á því kom í ljós að tímakedjan var mjög léleg og taldi verkstæðið ekki ráðlegt að ræsa vél bifreiðarinnar aftur fyrr en skipt hefði verið um keðjuna. Var skipt um tímakedjuna o.fl. og greiddi álitsbeiðandi kr. 402.607 fyrir viðgerðina skv. reikningi dags. 3. september 2015, sem einnig tók til vinnu og varahluta í tengslum við jafnvægisstangir. Eftir þetta hafði álitsbeiðandi samband við seljanda þar sem hann taldi að þar sem starfsmaður seljanda hefði fullyrt að ekki þyrfti að skipta um tímakedju í vél bifreiðarinnar, þegar annað kom síðar á daginn, væri slíkt í raun leyndur galli. Hafnaði

seljandi því að svo væri og taldi verkstæðin sem álitshæðandi hafði rétt við hafa rangt fyrir sér. Hafði álitshæðandi í kjölfarið samband við umboðsaðila framleiðanda bifreiðarinnar héraðs og fékk einnig þar þær upplýsingar að skipta ætti um tímakedju á 100.000 km fresti.

Sem fyrr segir krefst álitshæðandi þess að seljandi standi straum af kostnaði vegna tímareimaskiptanna. Meðfylgjandi álitshæðni er afrit af smurbók bifreiðarinnar, afrit af reikningi vegna viðgerðar á tímakedju o.fl. og afrit af kaupsamningi og afsali vegna viðskiptanna.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að álitshæðandi hafi keypt umrædda bifreið af seljanda hinn 19. maí 2015. Í bréfi til kærufndarinnar, dags. 16. desember s.á. segist álitshæðandi hafa frá kaupdegi haft áhyggjur af því að skipta þyrfti um tímakedju á 100.000 km fresti. Í stað þess að leita sér upplýsinga hjá umboðsaðila bifreiðarinnar hafi álitshæðandi hins vegar látið 5 mánuði líða frá kaupunum og þá farið, án samráðs við seljanda, með bifreiðina á verkstæði og látið þar skipta um tímakedju ásamt fylgihlutum. Telur seljandi að þarna fari álitshæðandi offari, enda hefði honum verið í lófa lagið að leita til seljanda, sem reki bifreiðaverkstæði og þar hefði verið unnið þegar fyrir hefði legið að tímakedjuskipti yrði ekki umflúin og að fyrir lægi að seljandi ætti að greiða kostnað vegna tímakedjuskiptanna. Segist seljandi áskilja sér rétt til að velja bifreiðaverkstæði til viðgerða á bifreiðum sem félagið hafi á sinni könnu. Með vísan til þess sem að framan er rakið hafnar seljandi kröfum álitshæðanda.

V

Athugasemdir álitshæðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitshæðanda við andsvör seljanda segir m.a. að álitshæðandi gefir lítið fyrir að honum hafi borið skylda til að fara með bifreiðina á verkstæði seljanda svo seljandi gæti lágmarkað kostnað af viðgerðinni, þar sem seljandi hafi frá upphafi haldið því fram og fullyrt að ekki þyrfti að skipta um tímakedju í bifreiðinni. Þetta hafi þeir gert þrátt fyrir að álitshæðandi hafi bent á að viðurkennd verkstæði væru á öndverðu meiði. Segir álitshæðandi að eftir að hafa talað við seljanda hafi verið ákveðið að fara með málið til kærufndarinnar. Í kjölfar þess segist álitshæðandi hafa haft samband við umboð bifreiðarinnar, sem staðfesti að tímakedjuskipti ættu að fara fram á 100.000 km fresti. Að lokum ítrekar álitshæðandi kröfur sínar.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum, rituðum af lögmanni seljanda, kemur m.a. fram að samkvæmt álitshæðni hafði álitshæðandi upplýsingar um það fyrir kaupin að skipta þyrfti um tímakedju í bifreiðinni á 100.000 km fresti. Seljandi hafði á þeim tímamarki ekki aðrar upplýsingar en þær sem gefnar eru út af framleiðanda bifreiðarinnar, en þær kveði ekki á um að skipta þurfi svo reglulega um tímakedju. Í ljósi þess að álitshæðandi virðist, fyrir kaupin, hafa haft þessar upplýsingar, sem hann nú ber fyrir sig og telur til galla á bifreiðinni verði að líta til þess að álitshæðandi geti þá alls ekki borið slíkt fyrir sig skv. 20. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Þá sé ljóst að álitshæðandi tilkynnti seljanda ekki um hinn meinta galla án ástæðulauss dráttar til samræmis við 1. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup og hafi hann því glatað rétti sínum til að bera gallann fyrir sig. Hefði álitshæðandi verið í lófa lagið að hafa samband við seljanda, í síðasta lagi þegar hann fékk tilkynningu frá verkstæði um það mat verkstæðisins að skipta þyrfti um tímakedju.

Í frekari andsvörum er síðan rakið, að telji kærunefndin fallist engu að síður á að um galla hafi verið að ræða, sé ljóst að álitseiddandi hafi ekki virt rétt seljanda til úrbóta í samræmi við 36. gr. laga um lausafjárkaup og 29. gr., sbr. 26. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Þess í stað hafi álitseiddandi látið þriðja aðila skipta um tímakedju án samráðs við seljanda. Þá sé ljóst að 5 mánuðir hafi liðið frá því því kaupin fór fram og þar skipt var um tímakedju. Á þeim tíma hafi álitseiddandi haft nægan tíma til að krefja seljanda um úrbætur eða í það minnsta tilkynna honum um hinn meinta galla.

Næst kemur fram að seljandi telji, komist kærunefndin þrátt fyrir allt að þeirri niðurstöðu að seljandi sé bótaskyldur í málinu, að þá þurfi að taka fullt tillit til skyldu álitseiddanda til að takmarka tjón sitt í samræmi við almennar reglur bótaréttar. Þá verði að taka tillit til þess skv. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup geti kaupandi krafist þess af seljanda að hann bæti úr galla á eigin reikning ef það verði gert án þess að valda seljanda ósanngjörnum kostnaði. Telur seljandi ljóst að með því að hafa farið með bifreiðina á verkstæði þriðja aðila, þrátt fyrir að seljandi hefði yfir að ráða verkstæði, hafi hlotist af umtalsverður aukinn kostnaður sem ósanngjarnt sé að krefja seljanda um. Máli sínu til stuðnings vísar seljandi til athugasemda við 29. gr. frumvarps til laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Þá bendir seljandi á að ekki verði annað séð af reikningi vegna tímakedjuskiptanna, að meginhluti vinnu verkstæðisins hafi falist í öðrum verkum fyrir álitseiddanda, sem ekki geta talist á ábyrgð seljanda. Telur seljandi því ljós að krafa álitseiddanda sé langt umfram það sem eðlilegt eða sanngjarnt geti talist.

VII

Frekari athugasemdir álitseiddanda

Í frekari athugasemdum álitseiddanda kemur m.a. fram að álitseiddandi telur rangt af seljanda að halda því fram að hann hafi vitað að skipta þyrfti um tímakedju bifreiðarinnar í á 100.000 km fresti, enda hefði hann aldrei keypt bifreiðina, hefði það verið tilfellið. Segir álitseiddandi að á þeim tímapunkti sem hann keypti bifreiðina hafi hann haft mjög óljósa mynd af því hvort þyrfti að skipta um tímakedju eða ekki, á 100.000 km fresti. Þess vegna hafi hann rætt við sölumann bifreiðarinnar sem hafi fullyrt að ekki þyrfti að skipta á 100.000 km fresti. Þrátt fyrir ítrekun seljanda á að ekki þyrfti að skipta um tímakedjuna segist álitseiddandi samt hafa látið athuga málið þegar hann fór með bifreiðina á verkstæði að laga aðra hluti. Segir álitseiddandi að það haldi ekki vatni að gera hann ábyrgan fyrir þessu af því hann leitaði ekki á verkstæði seljanda, enda hafi seljandi ekki viðurkennt að tímakedjan væri eitthvað sem þyrfti að skoða og þrátt fyrir að önnur verkstæði hefðu haldið hinu gagnstæða fram eftir kaupin, þrætti sölumaður seljanda fyrir að það væri rétt. Telur álitseiddandi það varla geta talist fagleg vinnubrögð af hálfu seljanda. Þá bendir álitseiddandi á að hann hafi aldrei farið fram á að seljandi greiddi allan reikninginn sem lagður var fram, aðeins þann hluta sem tengdist tímakedjuskiptunum. Þá rekur álitseiddandi að það hafi liðið 5 mánuðir frá því hann keypti bifreiðina og þar til í ljós kom að skipa þyrfti um tímakedjuna. Það hafi svo verið skömmu eftir það sem álitseiddandi tilkynnti seljanda um tímakedjuskiptin.

VIII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiddanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitseiddandi bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 19. maí 2015 fyrir kr. 1.450.000. Var bifreiðin af gerðinni Mercedes Benz C, árgerð 2006, fyrst

skráð 27. febrúar 2006. Bifreiðin var því 9 ára og um 4 mánaða á kaupdegi og hafði verið ekið um 158.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Seljandi hefur í m.a. borið því við að álitsbeiðanda hafi ekki borið fyrir sig meintan galla á bifreiðinni í tæka tíð. Sem fyrr segir fóru kaupin fram hinn 19. maí 2015. Álitsbeiðandi virðist hins vegar ekki hafa kvartað undan galla á tímakedju bifreiðarinnar fyrr en um eða eftir að skipt var um tímakedjuna, en reikningur verkstæðis þar að lútandi er dags. 3. september 2015, þ.e. tæpum 4 mánuðum eftir kaupin. Um fresti neytenda til að bera fyrir sig galla er fjallað í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í 2. mgr. 27. gr. segir m.a. að ef „neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlutur viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar“. Augljóst er að sá frestur álitsbeiðanda var ekki litiðinn þegar hann kvartaði undan galla við seljanda í september 2015. Í 1. mgr. 27. gr. segir hins vegar að ef „söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.“ Seljandi hefur haldið því fram í andsvörum að álitsbeiðandi hefði, í seinasta lagi, átt að kvarta undan galla við seljanda eftir að verkstæðið sem hann leitaði til, tilkynnti honum að skipta þyrfti um tímakedjuna, en ekki eftir að tímakedjuskiptin höfðu verið framkvæmd, líkt og álitsbeiðandi gerði. Verður að líta á það sem svo að þar sem álitsbeiðandi kvartaði eftir viðgerðina telji seljandi að hann hafi ekki kvartað „án ástæðulauss dráttar“ í skilningi 1. mgr. 27. gr. laganna. Í skýringum við 1. mgr. 27. gr. sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 48/2003 um neytendakaup segir m.a.:

„Tveggja mánaða fresturinn byrjar að líða þegar neytandi uppgötvar gallann. Það er ekki nægilegt til að fresturinn samkvæmt ákvæðinu byrji að líða að neytandinn hefði mátt uppgötva gallann. Hætta er á að erfiðleikar komi upp varðandi sönnun á því hvenær neytandi varð gallans var í raun og veru. Ber að túlka ákvæðið með hliðsjón af því að ekki er hægt að gera jafnstrangar kröfur til neytanda og seljanda sem hefur atvinnu sína af sölu.“

Kærufndin telur, með vísan til framanrakinna skýringa við 1. mgr. 27. gr. laganna, að ekki verið fallist á það með seljanda að kvörtunarfrestur álitsbeiðanda hafi afmarkast af því hvort hann kvartaði fyrir eða eftir viðgerð á bifreiðinni, heldur verður að líta á atvik málsins sem svo að álitsbeiðanda hafi ekki verið ljóst að tímakedjan var ónýt og því nauðsynlegt að skipta um hana fyrr en umrætt verkstæði tilkynnti honum það. Þó liðið hafi einhverjir dagar, eða vikur frá því tímamarki og þar til álitsbeiðandi kvartaði undan galla við seljanda, að viðgerðinni lokinni, getur álitsbeiðandi þar með ekki hafa talist fyrirgert rétti sínum til að beina gallakröfu sinni að seljanda vegna ákvæða 1. mgr. 27. gr. laganna.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 19. maí 2015, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandinn er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamningsins.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Seljandi hefur haldið því fram að þrátt fyrir að megi vera að seljandi, eða öllu heldur starfsmaður félagsins, hafi haldið því fram að ekki þyrfti að skipta um tímakedju bifreiðarinnar á 100.000 km fresti, þá hafi álitsbeiðandi vitað að það væri ekki rétt. Þar af leiðandi geti álitsbeiðandi ekki, með vísan til 20. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, en ákvæðið á sér hliðstæðu í framanrakinni 3. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, borið fyrir sig sem galla, að tímakedjan reyndist ónýt. Í skýringum við greinina sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 48/2003 um neytendakaup segir m.a. „ Í ákvæðinu er fjallað um vonda trú neytanda og kveðið á um að neytandinn geti ekki komið fram með kröfu vegna galla ef um er að ræða atvik sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaup áttu sér stað. Í ákvæðinu felst ekki aðeins að neytandanum hafi verið kunnugt um viðkomandi atvik heldur líka að hann hafi áttað sig á þýðingu þess sem galla.“ Af álitsbeiðni verður ekki annað ráðið en að álitsbeiðandi hafi aðeins haft óljósa hugmynd um það, við kaupin, að skipta þyrfti um tímakedju bifreiðarinnar á 100.000 km fresti. Þá mun starfsmaður seljanda hafa haldið því fram að sá slíkt væri óþarft, hefði bifreiðin verið þjónustuð reglulega. Telur kærunefndin því ekki hægt að fallast á að álitsbeiðandi hafi hvort tveggja vitað af umræddu með vissu og skilið þýðingu þess. Verður því ekki fallist á það með seljanda að álitsbeiðandi hafi með óljósri hugmynd sinni um að skipta þyrfti oftast um tímakedju en fullyrt var af seljanda, fyrirgert rétti sínum til að bera fyrir sig sem galla, að tímakedjan reyndist ónýt og upplýsingar seljanda því ekki, amk. hvað varðarði hina keyptu bifreið, fyllilega réttar.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Mun slík skoðun, skv. álitsbeiðni hafa farið fram, án þess að fram kæmi að tímakedja bifreiðarinnar væri orðin léleg, en athugasemdir voru gerð við önnur. Hvað varðar kaupverð bifreiðarinnar liggur ekki fyrir að það hafi verið hærra eða lægra en gengur og gerist með samskonar bifreiðar.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að líta verði á það sem svo að upplýsingar þær sem seljandi veitti um tímakedju bifreiðarinnar við kaupin, þ.e. að ekki þyrfti að skipta um hana á 100.000 km fresti hafi bifreiðin verið þjónustuð reglulega, hafi verið rangar og bifreiðin því ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Er rétt að benda á að þó að upplýsingar þær sem seljandi, sem verður að teljast sérfræðingur í bifreiðamálum, veitti hafi e.t.v. getað talist hlutlægt réttar, átti það ekki við um bifreið álitsbeiðanda. Eins telst bifreiðin haldin galla í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr., en

ástand hennar var verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Á álitsbeiðandi hér val um mismunandi vanefndarúrræði og verður ekki fallist á það með seljanda að álitsbeiðanda hafi aðeins verið heimilt að krefjast úrbóta. Álitsbeiðandi hefur í máli þessu krafist skaðabóta og kröfu sinni til stuðnings lagt fram reikning vegna viðgerðar á m.a. tímakedju bifreiðarinnar, dags. 3. september 2015. Sá reikningur er að fjárhæð kr. 402.607. Nemur sá hluti reikningsins sem tengist tímakedjuskiptum í það minnsta kr. 332.500, en það sú tala er þó ekki að fullu ljós, þar sem sundurliðun reikningsins er ekki nægjanlega skýr. Fjárhæð skaðabóta verður því að meta að álitum og þarf þá einnig að taka tillit til þess að álitsbeiðandi mátti eiga vona á því að rúmlega 9 ára bifreið, ekin 158.000 km, þyrfti á einhverjum tímapunkti að undirgangast tímakedjuskipti. Þá ber að líta til þess að nýtt kemur í stað notaðs. Eru bætur hæfilega metnar kr. 200.000.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

IX

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 200.000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson